



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 7. apríl 2017

Tilvísun: 2017030197

08.02

Alþingi-nefndarsvið  
Austurstræti 8-10  
101 REYKJAVÍK

**Umsögn til Alþingis vegna frumvarps til laga um vopnalög (forefni til sprengiefnagerðar, EES-reglur), 235. mál.**


Vísað er til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis til umsagnar vegna frumvarps til laga um vopnalög (forefni til sprengiefnagerðar, EES-reglur), 235. mál.

Embætti ríkislögreglustjóra telur að æskilegt sé að skilgreina hugtakið „heimatilbúin sprengja“ og leggur til eftirfarandi skilgreiningu:

*„Heimatilbúin sprengja er hverskonar hlutur sem inniheldur efni eða esnablöndu sem getur sprungið, þ.e. gefi frá sér höggbylgju, hita eða frákast, s.s. sprengjubrot, og/eda kviknað í og hefur ekki verið framleiddur af aðila eða fyrirtæki sem til þess hefur sérstakt leyfi“*

Þá leggur embætti ríkislögreglustjóra einnig til að í stað orðsins „ríkislögreglustjóri“ í 3. mgr. 30. gr. vopnalaga komi: „lögreglustjóri“. Hagræðing er talin fylgja því að færa sem flestar leyfisveitingar til lögreglustjóra þar sem þær verða þá nær borgaranum auk þess sem önnur leyfi samkvæmt vopnalögum eru veitt af lögreglustjóra. Í sumum tilvikum hafa leyfisveitingar þegar verið færðar frá ríkislögreglustjóra til lögreglustjóra á grundvelli sérstakra heimildarákvæða í lögum. Sú framkvæmd hefur reynst vel og er lagt til að hún verði jafnframt fest í sessi í því tilviki þegar um vopn sem hafa söfnunargildi er að ræða eða sérstakar ástæður mæla með því eins og kveðið er á um í greininni.

F.h. RLS

  
Margrét Herdís Jónsdóttir / Jónas Ingi Pétursson